



Hluthafafundur Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf.

Fundargerð hluthafafundar nr. 11

Haldinn föstudaginn 16. september 2022, kl. 15:00, á Teams.

Fundurinn er haldinn rafrænn skv. heimild í samþykktum félagsins tölulið 3.21 og hlutafélagalaga gr. 80.a. Notast er við fjarfundarbúnaðinn „Microsoft Teams Meeting.“

Mættir voru á Teams fulltrúar (97,30%) hluthafa; Almenna lífeyrissjóðsins, Arion banka hf., Birtu lífeyrissjóðs, Gildi lífeyrissjóðs, Íslandsbanka hf., Lagahvols slf., Lífeyrissjóðs verslunarmanna, Lífsverks lífeyrissjóðs, Innviðum fjárfestingum slhf. og T Plús hf.

Mætt voru að Sundaborg 1, Reykjavík. Stefán Sigurðsson, stjórnarformaður, Sigprúður Ármann og Ómar Örn Tryggvason stjórnarmenn.

Halldóra Hinriksdóttir framkvæmdastjóri og Garðar Gíslason, lögmaður.

Stefán Sigurðsson setti fundinn klukkan 15:00 og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði að tillögu sinni að Garðar Gíslason lögmaður yrði fundarstjóri og var það samþykkt án mótakvæða.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins. Fundarstjóri lagði til að Sigprúður Ármann sæi um ritun fundargerðar og var það samþykkt án mótakvæða.

Fundarstjóri gekk úr skugga um lögmæti fundarins m.t.t. boðunarfrests og mætingar vegna þeirra dagskrármálefna sem til umfjöllunar verða á fundinum. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan að því búnu og voru engar athugasemdir gerðar þar við.

Fundarstjóri: Garðar Gíslason, lögmaður.

Ritari: Sigprúður Ármann

Gengið var til dagskrár

1. Stjórnarformaður fór yfir starfsemi félagsins. Sagði hann frá mikilvægum áföngum sem náðst hafa sem og þeim atriðum sem tafið hafa framgang vinnunnar. Formaður fór yfir hve mikið markaðurinn hefur sparað eftir að VBM var stofnað.

Halldóra Hinriksdóttir, framkvæmdastjóri, fór yfir verkefnin framundan og áætlun félagsins. Fyrir fundinn hafði stjórn félagsins sett upp þrjár sviðsmyndir sem framkvæmdastjóri fór yfir. Forsendur í áætluninni eru svipaðar og í síðustu áætlun en áætlunin hefur hliðrast og tekjustreymi hefur seinkað. Framkvæmdastjóri fór yfir mögulega tekjuþætti, áhættuþætti sem og fyrirhugaða fjárþörf.

Ómar Örn Tryggvason, framkvæmdastjóri Summu, kom upp og fór yfir verðmat sem Summa vann. Fram kom að ávöxtunarkrafa hefði verið lækkuð úr 15% í 12%. Útkoma Summu er að halda verðmatinu óbreyttu og miða áfram við gengið 4.

Fundarstjóri gaf orðið laust fyrir spurningar. Engar spurningar voru bornar upp.

2. Fundarstjóri fór yfir fyrirbyggjandi tillögu til fundarins, sem er svohljóðandi:

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé félagsins, í einu lagi eða áföngum, um allt að 50.000.000 kr. að nafnvirði með áskrift nýrra hluta. Stjórn skal ákveða gengi, greiðslukjör og skilmála vegna hækkunarinnar og hvort unnt sé að greiða fyrir þá með öðru en reiðufé. Hluthafar hafa forgangsrétt til áskriftar að hinum nýju hlutum, en nýti hluthafar ekki forgangsrétt sinn er stjórn heimilt að bjóða öðrum að skrá sig fyrir nýju hlutfé. Hina nýju hluti má selja og veðsetja með sama hætti og eldri hluti í félaginu og gilda sömu ákvæði um réttindi hluta og mælt er fyrir um í samþykktum að öðru leyti. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi viðkomandi hlutfjárhækkunar. Heimild stjórnar félagsins til hlutfjárhækkunar samkvæmt þessari málsgrein fellur niður 31. desember 2022 að því marki sem hún er þá enn ónotuð eða þar til hún er felld niður með ákvörðun hluthafafundar.

Greinargerð:

Tillagan er sett fram í samræmi við 41. gr. laga nr. 2/1995. Tillagan felur í sér heimild til handa stjórn að afla nýs hlutfjár eftir fjárþörf félagsins.

Tilgangurinn með öflun nýs hlutafjár er að tryggja rekstrargrundvöll félagsins.

Sömu ákvæði gilda um nýja hluti varðandi heimild til sölu og veðsetningar og réttindi að öðru leyti eins og kveðið er á um í samþykktum félagsins. Þá er lagt til að heimildin gildi þar til 31. desember 2022 en þá falli hún niður að því marki sem hún er þá enn ónotuð enda hafi hún ekki verið áður felld niður með ákvörðun hluthafafundar.

Fundarstjóri bar tillöguna upp til samþykktar. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3. Önnur mál.

Fundarstjóri opnaði fyrir fyrirspurnir og umræður um önnur mál.

Fundarstjóri óskaði heimildar frá fundarmönnum til að hann og fundarritari myndu ganga frá fundargerð fundarins og var það samþykkt án mótatkvæða.

Fundi var slitið kl. 15:30.

